

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 22. febrúar 2023
UST202302-077/A.B.
10.04.02

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 -
Árbæjarhellir 2, Efra-Sel 3C og Heiði**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 7. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings ytra 2016 – 2028 fyrir Árbæjarhelli 2, Efra-Seli 3C og Heiði.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að er um 5 ha. af 72,5 ha. landbúnaðarlandi fyrir Árbæjarhellir 2 verður breytt í íbúðarsvæði. Auk þess kemur fram að um 10,6 ha frístundasvæði fyrir Efra-Seli 3C verður skipt upp og um 3,9 ha., Austurseli, verður breytt í landbúnaðarsvæði að nýju. Einnig kemur fram að 1,9 ha. landbúnaðarlands fyrir Heiði verður breytt í frístundasvæði. Auk þess segir að raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda lýsingu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Björn Stefánsson
sérfræðingur